

Mánudaginn 16. okt. 1916.

Nr. 44/1916.

Kr. P. Briem f. h. Önnu
Pálsdóttur
gegn
Hirti A. Fjeldsted.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði Kristinn P. Briem kaupmaður á Sauðárkróki fyrir hönd ekkjunnar Önnu Pálsdóttur á Auðnum á Vatnsleysuströnd, sem umboðsmaður hennar og skipaður lögráðamaður, fyrir aukarétti Gullbringu og Kjósarsýslu gegn Hirti A. Fjeldsted á Auðnum, og krafðist hann þess að stefndi yrði dæmdur til að greiða sér kr. 2134.00. Af skuld þessari, er hann undir rekstri málsins í héraði færði niður um kr. 410.00, eða niður í kr. 1724.00, krafðist hann 5% vaxta frá 1. des. 1915 til borgunardags, auk þess sem hann krafðist málskostnaðar.

Málið var dæmt í nefndum rétti 5. júlí þ. á. með þeim úrslitum að ynni stefnandi Anna Pálsdóttir eið að því á varnarþingi sínu, eftir löglegan undirbúning, að hún eigi sé eða hafi verið læs á skrift, skyldi stefndi Hjörtur A. Fjeldsted greiða henni kr. 1321.00 með 5% vöxtum frá 1. des. 1915 til borgunardags, en ynni hún eigi eiðinn skyldi stefndi að eins greiða henni kr. 496 00 með 5% vöxtum frá 1. des. 1915 til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir Kr. P. Briem f. h. Önnu Pálsdóttur áfrýjað til landsyfirdómsins, með stefnu

útgefinni 21. júlí þ. á. og krafðist þess að kröfur sínar fyrir undirréttinum verði teknar til greina, þar undir sérstaklega um greiðslu kr. 1724.00 auk vaxta og málskostnaðar. Svo hefir hann og krafist þess, að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. — Stefndi Hjörtur A. Fjeldsted hefir af sinni hálfu gagnáfrýjað málinu, með stefnu útg. 12. ágúst þ. á. og krafist þess að kröfur sínar fyrir undirréttinum verði að öllu leyti teknar til greina, en þar hafði hann krafist algerðar sýkunar af kröfum sækjanda og málskostnaðar. Gagnáfrýjandi krefst þess og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Í júnimánuði 1915 flutti gagnáfrýjandi sig að Auðnum, en þar hafði aðaláfrýjandi Anna Pálsdóttir búið að undanfögnu. Um líkt leyti kvæntist gagnáfrýjandi (laungetinni) dóttur látins manns Önnu Pálsdóttur, en fósturdóttur hennar. Gagnáfrýjandi hefir skýrt svo frá í málinu, að umsamið hafi verið með sér og Önnu Pálsdóttur, að hann tæki jörðina Auðna til ábúðar fardagaárið 1915—1916, gegn kr. 200.00 landsskuld, og keypti af Önnu skepnur þær, er hún átti á Auðnum. Með skriflegum samningi 8. júní 1915 selur Anna gagnáfrýjanda ýmislegt lausafé. Gagnáfrýjandi, sem sýnist hafa dvalið á Auðnum þar til í maí þ. á., virðist hafa ráðið mestu um búsför ráð þar. Aðaláfrýjandi, sem hefir neitað því, að Anna hafi veitt gagnáfrýjanda ábúðarrétt á Auðnum, telur gagnáfrýjanda fyrir ráðstafanir sínar á eignum Önnu vera komin í kr. 1724.00 skuld við hana, með því að gagnáfrýjandi hafi, sumpart í

heimildarleysi, tekið undir sig ýmsar eignir hennar, skepnur og annað lausafé, er hann samtals telur að vera kr. 2874.00 virði, og hefir hann sundurliðað þá upphæð nánar á reikningi, er hann hefir lagt fram í málinu. Til frádráttar nefndum kr. 2874.00 telur aðaláfrýjandi kr. 1150.00, sumpart kr. 650.00 í peningum, er gagnáfrýjandi hafi greitt Önnu, og sumpart kr. 500.00, er hann telur gagnáfrýjanda í kaup fyrir umsjón með búi hennar frá 1. júní til 1. des. 1915.

Af gjaldahlið nefnds reiknings er enginn ágreiningur í málinu um 7 liði, er samtals nema kr. 597.00, og eru aðilar sammála um að gripi þá og muni, sem taldir eru í nefndum 7 liðum, hafi gagnáfrýjandi keypt af Önnu Pálsdóttur með umgetnum samningi 8. júní 1915, og með því verði, er í reikningnum greinir. Þá verður og að ætla að aðaláfrýjandi telji gagnáfrýjanda réttilega til skuldar hey að vorinu með kr. 120.00, með því að gagnáfrýjandi hafi kannast við að hafa fengið nefnt hey hjá Önnu og samþykkt nefnt verð þess. 6 kálfskinn og eina kýrhúð, er aðaláfrýjandi telur gagnáfrýjanda til skuldar með samtals kr. 57.00, kannast gagnáfrýjandi að visu við að hafa fengið, en segir að verð kýrhúðarinnar hafi verið umsamið 28 kr., og kálfskinnin hafi hann átt að borga í sama, og neitar hann að greiða þau með meiru en 2 kr. hvert. Verð kýrhúðarinnar telur gagnáfrýjandi sig þegar hafa greitt, og skýrir hann svo frá, að það hafi verið innifalið í kr. 300.19 peningagreiðslu, er hann hefir lagt inn í sparisjóðsbók tilheyrandi Önnu Pálsdóttur, sem borgun fyrir ýmsan varning, er hann hafi keypt af henni. Gagnáfrýjandi hefir eigi gegn mótmælum aðaláfrýjanda

sannað að skýrsla sín um að verð það, er hann greinir, hafi verið umsamið, sé rétt, og verður því einnig að taka þennan kröfulið til greina, þó svo að nefndar kr. 28.00 komi til frádráttar upphæð liðsins með því aðaláfrýjandi hefir kannast við að gagnáfrýjandi hafi greitt umgetnar kr. 300.19, en eigi gert frekari grein fyrir hvað í þeirri greiðslu hafi falist.

Aðaláfrýjandi telur gagnáfrýjanda ennfremur til skuldar sauðfé og ull með samtals kr. 1725.00, er hann telur að gagnáfrýjandi hafi tekið undir sig í heimildarleysi úr búi Önnu Pálsdóttur. Gagnáfrýjandi hefir kannast við að rétt sé að telja sér til skuldar sauðfé, er hann kveðst hafa keypt af Önnu, en að því er kemur til tölu fjárens er ósamræmi í skýrslu hans og aðaláfrýjanda, því þar sem aðaláfrýjandi telur hann hafa tekið undir sig 25 sauði, kveðst gagnáfrýjandi aðeins hafa tekið við 22 sauðum tvævetra og eldri og 2 sauðum yngri, og verður að leggja skýrslu gagnáfrýjanda um töluna til grundvallar, með því að aðaláfrýjandi eigi hefir sannað skýrslu sína að þessu leyti. Að öðru leyti hefir gagnáfrýjandi mótmælt þessum liðum, þar sem hann hafi keypt umrætt sauðfé af Önnu Pálsdóttur með umgetnum samningi 8. júní 1915 með mun lægra verði en aðaláfrýjandi greinir í reikningi sínum, og auk þess sé óheimilt að telja sér ull af fénu og lömbundan ánum sérstaklega til skuldar, þar sem hann hafi keypt féð í ullu og ærnar með lömbum. Með nefndum samningi selur Anna Pálsdóttir gagnáfrýjanda, auk áður umgetinna gripa og muna, alt sauðfé sitt eftir þeirri tölu, er heimtist af fjalli á næstkomandi hausti. Er féð alt selt í ullu og ærnar með

Flömbum. Aðaláfrýjandi hefir nú haldið því fram, að ákvæði nefnds samnings um sölu sauðfjárins séu eigi skuldbindandi fyrir sig, með því að Anna Pálsdóttir hafi aldrei samþykkt þau ákvæði hans og hafi henni verið ókunnugt um að samningurinn hafi haft slíkt ákvæði að geyma, er hún handsalaði nafn sitt undir hann, enda sé hún óskrifandi og ólæs á skrift. Samningur þessi, sem lagður hefir verið fram í málinu, er undirritaður með nafni gagnáfrýjanda og handsöluðu nafni Önnu Pálsdóttur, og gegn því hefir gagnáfrýjandi eigi sannað að hún alt að einu sé skrifandi eða læs á skrift. Að vísu hefir eitt vitni, Sigurður Jónsson, borið það í málinu að það hafi séð Önnu líta í og hafa fyrir sér skrift, en vitnið kveðst eigi hafa getað af því ráðið hvort hún væri læs á skrift. Þá hafa vitnin, síra Árni Þorsteinss. og Guðm. Guðmundss. borið það, að Anna hafi sjálf sagt þeim, að hún hin síðari árin eigi hafi haft sjón til að lesa skrift, og vitnið Guðmundur Guðmundsson hefir enn fremur borið að hún hafi sagt sér, að hún á fyrri árum hafi komist að meiningunni í skrift manns síns heitins og Bjargar fósturdóttur sinnar, en konu gagnáfrýjanda, en umræddur samningur er ritaður með hendi Bjargar. Gagnáfrýjandi hefir enn fremur lagt fram í málinu sendibréf, er hann telur vera frá Önnu til konu sinnar, og telur skrifað með eigin hendi Önnu. En eigi verður talið að bréf þetta, sem er dags. á Auðnum 2. október og undirritað »mamma«, og sem aðaláfrýjandi neitar að Anna Pálsdóttir hafi skrifað, sanni neitt um skriftkunnáttu hennar. Enda þó að nefndir vitnaframburðir virðist gefa nokkrar líkur fyrir því að

Anna Pálsdóttir hafi verið læs á skrift, þá virðast þær líkur þó eigi geta valdið því, að þetta málsatriði verði látið koma undir eidi Önnu Pálsdóttur, og það því síður sem önnur sönnunargögn, er fram hafa komið í málinu, benda til hins gagnstæða, þar á meðal framburður margra vitna, er öll má ætla að hafi haft nánin kynni af Önnu og það hafa borið, að þau aldrei hafi séð hana skrifa eða heyrt hana lesa skrift, og að þau eigi viti til þess á annan hátt að hún hafi verið eða sé læs á skrift eða skrifandi. — Með því að það virðist viðurkennt í málinu að samningurinn eigi hafi verið lesinn fyrir Önnu við undirskrift hans, og gagnáfrýjandi eigi, gegn mótmælum aðaláfrýjanda, hefir sannað að henni á annan hátt hafi þá verið kunnugt um ákvæði hans um sölu sauðfjárins, né að hún síðar hafi samþykkt þá sölu, þá verður að telja að nefnt sauðfé og ull sé réttilega fært gagnáfrýjanda til skuldar á reikningi aðaláfrýjanda með því verði, er þar greinir, þó svo, að tala sauðanna, samkvæmt því er áður er sagt, sé aðeins 24, og lækkar þá sá liður um 25 kr. og aðalupphæð þessara liða verður þá kr. 1700.00.

Loks hefir aðaláfrýjandi fært gagnáfrýjanda til skuldar 20 tunnur af kartöflum með 300 kr. og hey að sumrinu fyrir 75 kr., er hann hafi selt í heimildarleysi úr búinu á Auðnum en sem gagnáfrýjandi hvorttveggja telur sér hafa verið heimilt sem afurðir jarðarinnar, er hann hafi haft í ábúð. Alt sem komið er fram í málinu um þetta atriði, virðist benda til þess, að gagnáfrýjandi hafi skoðað sig sem ábúanda jarðarinnar, og að aðrir út í frá hafi litið svo á stöðu

hans þar, sýnir meðal annars að hann er af hreppnefndinni í Vatnsleysustrandarhreppi gert að greiða ellistyrktarsjóðsgjald fyrir vinnufólkið á Auðnum, að sóknarnefndin gerir honum að greiða gjöld til prests og kirkju fyrir vinnufólkið og að hann á kjörskrá til alþingis er talinn bóndi á Auðnum. Auk þess er það upplýst í málinu að Anna Pálsdóttir, um það leyti er gagnáfrýjandi kemur að Auðnum, selur honum að því er virðist allar skepnur sínar nema sauðféð, og ýmsa nauðsynlega búsmuni, og að hún síðar á fardagaárinu miðju selur ýmsa búsmuni á uppboði og virðist þetta benda til þess að hún hafi ætlað sér að breiða búskap í fardögum 1915. Og þegar þess er gætt að gagnáfrýjandi virðist þegar í júnímánuði taka við stjórn og umráðum búans og hann ráðstafar afurðum þess sem sinni eign, án þess að séð verði að þau afskifti hans, fram til þess að mál þetta er höfðað hafi sætt nokkrum mótmælum af hálfu Önnu Pálsdóttur, þá virðist þetta alt skapa svo miklar líkur fyrir því að skýrsla gagnáfrýjanda um þetta málsatriði sé rétt, að taka verði hana til greina og verður þá eigi álitíð að aðaláfrýjandi hafi réttilega fært gagnáfrýjanda umrætt hey og kartöflur til skuldar.

Samanlögð upphæð gjaldliða þeirra, er aðaláfrýjandi samkvæmt framansögðu, verður talinn reikna gagnáfrýjanda réttilega til skuldar, verður því kr. 2446.00. Frá þessari upphæð koma til frádráttar kr. 650.00, er viðurkennt er að gagnáfrýjandi hafi greitt. Aftur á móti sýnast þær kr. 500.00, er aðaláfrýjandi taldi gagnáfrýjanda til tekna, sem kaup fyrir umsjón með búinu á Auðnum eiga að falla niður, enda mót-

mælti gagnáfrýjandi því að sér bæri slíkt kaup og aðal-
áfrýjandi virðist hafa talið honum það til tekna með
þeirri forsendu að álitid yrði við dóm í málinu, að
gagnáfrýjandi hefði eigi haft ábúðarréttinn á Auðn-
um. Af afgangi skuldarinnar kr. 1796.00 getur gagn-
áfrýjandi þó eftir því sem málið liggur fyrir, aðeins
orðið dæmdur til að greiða kr. 1724.00.

Samkvæmt þessu verður því að breyta hinum
áfrýjaða dómi þannig að gagnáfrýjandi greiði aðal-
áfrýjanda kr. 1724.00 með 5% vöxtum frá 1. desbr.
1915 til borgunardags, en ákvæði hins áfrýjaða dóms
um málskostnað þykir bera að staðfesta. Svo þykir
og rétt að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda máls-
kostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjandi Hjörtur A. Fjeldsted greiði aðal-
áfrýjanda Kristni P. Briem f. h. Önnu Pálsdóttur
1724 kr. með 5% ársvöxtum frá 1. desbr. 1915
til borgunardags.

Málskostnaður fyrir undirrétti falli niður, en
í málskostnað fyrir yfirdómi greiði gagnáfrýjandi
aðaláfrýjanda 40 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna
frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að
lögum.